

Miðvikudaginn 13. apríl 2022 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í blönduðum stað- og fjarfundi og hófst hann kl.14:00

Mættir voru: Einar Jón Geirssons og Skúli Guðbjörnsson. Ragnheiður Pálsdóttir, Sindri Geir Sigurðarson, Eyjólfu Ingvi Bjarnason og Jón Egill Jóhannsson voru í gegnum fjarfundabúnað.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri og Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón stjórnar fundi.

Gengið er til dagskrár:

1. Fundur með HMS

Formaður og verkefnastjóri áttu fund með HMS þar sem ræddar voru forsendur þriggja ára áætlunar sem fyrirhugað var að hafna. Hagdeild HMS mun yfirfara umsókn Bakkahvamms hses. að nýju eftir að hafa fengið upplýsingar frá Bakkahvammi hses. varðandi fólksfjölgun frá 1. janúar 2021 og fjölda íbúða sem áætlað er að byggja 2022, 2023 og 2024.

Samþykkt.

2. Bygging íbúða 2022

Stjórn ræðir hvort forsendur séu til að uppfæra verkefnisáætlun varðandi byggingu íbúða 2022 með það í huga að taka jarðvinnu út fyrir verkefnið.

Lagt til að haft verði samband við þá þrjá aðila sem sýndu verkefninu áhuga með nýjum forsendum og framkvæmd verði verðkönnun fyrir jarðvegsvinnu til að undirbúa lóðina fyrir framkvæmdir.

Samþykkt.

3. Brák hses.

Formaður stjórnar Brákar hses. hefur óskað eftir upplýsingum um íbúðir Bakkahvamms hses. í Bakkahvammi 8a-c upp á yfirtöku Brákar hses. á íbúðunum. Upplýsingum verður komið til skila.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:36